

Nd.

§3. Frumvarp

til laga um stefnubirtingar.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson, Magnús Guðmundsson
og Gísli Sveinsson.

1. gr.

Í hreppi hverjum og kaupstað á landi hjer skal sýslumaður eða bæjarfógeti skipa tvo menn til að birta kvaðningar til sáttafunda og stefnur til dómþinga, og tvo til vara, er gegni þeim starfa í forföllum hinna. Það er borgarskylda að gegna starfinu, enda er sú ein stefnubirting lögmæt, er tveir stefnuvottar framkvæma, eða notarius publicus. Sýslumenn skulu láta hverjum stefnuvotti í tje eitt eintak af lögum þessum.

2. gr.

Fyrirköll á sáttafund og stefnur skulu ávalt skriflegar vera.

3. gr.

Engan má skipa stefnuvott nema hann sé 21 árs að aldri, hafi óflekkað mannorð, sje eigi í þjónustu annara, svo að i hága komi við starfann, og svo heill og þroskaður, að hann megi rækja starfið.

4. gr.

Stefnuvottar skulu, um leið og þeir eru skipaðir, undirrita drengskaparheit um það, að þeir skuli rækja starfann með trúmensku og samviskusemi.

5. gr.

Þá er stefnuvottar hafa birt stefnu, skulu þeir rita á hana, eða á blað, er við hana sé fest, vottorð um það, hvar stefnan hafi verið birt, fyrir hverjum, hve nær (hvaða viku- og mánaðar-dag og klukkustund). Enn fremur er þeim rjett að votta um það, ef stefndur tekur birtingu gilda, þótt henni sje áfátt að einhverju leyti, svo sem af því að hún sje eigi birt á lögmæltum stað eða lögmæltum tíma dags. Í vottorði þessu skulu þeir skirskota til stefnuvottaheits síns og taka fram, að þeir staðfesti vottorðið með nöfnum sínum og innsiglium. Að lokum ber þeim að stað- og dagsetja vottorðið, rita síðan nöfn sín undir það og setja innsigli sín undir nöfnin.

Vottorðum stefnuvotta um framangreind atriði verður eigi hnekt, nema full sönnun komi á móti þeim.

6. gr.

Enginn er löghæfur til að birta stetnu í sjálfs sín sök, eða ef hann er

kvæntur eða giftur aðilja, eða skyldur eða mægður honum í beina línu upp eða niður á við eða í annan lið til hliðar.

7. gr.

Stefnu skal birta á virkum degi frá lokum níundu stundar árdegis til loka níundu stundar síðdegis.

8. gr.

Birta skal stefnu á lögheimili stefnds. Nú á hann fleiri lögheimili en eitt í senn, og er þá rjett að birta stefnu á öðru eða einhverju þeirra heimila. Ef stefndur á hvergi lögheimili, er rjett að birta stefnu á dvalarstað hans. Nú á stefndur engan ákveðinn dvalarstað, og er þá rjett að birta stefnu þar sem hann er að hitta.

Nú er ókunnugt um það, hvar maður er, og skal stefna þá birt í blaði því, er flytur opinberar auglýsingar. Sama er, ef stefnt er óákveðnum mönnum.

Nú er fleirum mönnum stefnt vegna málasamsteypu eða samaðildar, og er þá rjett að birta stefnu á heimilum hvers þeirra.

Nú þarf maður að stefna manni ósjálfráðum eða ófjárráðum, og skal þá um stefnubirtingu fara svo sem forráðamaður hans væri sjálfur aðili málsins.

Nú er firma stefnt, og má stefnu birta þar er firmað er skrásett eða skyldi að lögum skrásett.

Nú þarf maður að höfða mál á hendur stofnun eða fjelagi, og er honum þá rjett að birta stefnu á heimili forráðamanns stofnunar eða formanns stjórnar hennar eða fjelagsins.

9. gr.

Stefnu skal jafnan birta stefndum sjálfum, ef þess er kostur. Ella skal birta stefnu konu hans, foreldrum, uppkomnum börnum, hjúum og öðrum heimamönnum, er svo sjeu til vits og ára komin, að þau megi tjá honum birtinguna. Nú er þessara manna eigi kostur, og má þá birta stefnu þeim, er lögheimili eiga í sama húsi eða á sama bæ sem stefndur. Ef þeirra er eigi heldur kostur, skal stefnu birta þeim, er stefnuvottar hitta þar fyrir.

Hvarvetna þess, er stefnuvottar fá eigi birt stefnu stefndum sjálfum eða heimamönnum hans, ber þeim að skilja eftir eftirrit af stefnu og brýna fyrir viðtakanda þess að afhenda það stefndum eða heimamönnum hans. Lögmaelt gjald fyrir slik eftirrit ber stefnanda að greiða. Ella er stefnuvottum skylt að láta í tje eftirrit stefnu á kostnað þess, er æskir þess.

Nú er stefna birt samkvæmt 5. og 6. málsgr. 8. gr., og gilda þá tilsvareandi reglur og þær, er áður greinir í 1. og 2. málsgr.

10. gr.

Nú sækir maður sáttafund eða dómping og krefst frávísunar máls vegna galla á stefnubirtingu, og skal þá eigi vísa máli frá dómi, nema tvímæla orki, að hann sje sá, sem stefna átti.

11. gr.

Nú verður það, að mál er dæmt, enda þótt stefndur hafi sjer að víta-

lausu alls eigi fengið vitneskju um, að honum var stefnt, eða eigi svo timanlega, að hann mætti þing sækja, og er honum þá rjett að gera fyrir æðra dómi allar þær kröfur og koma fram öllum þeim vörnum og gögnum leyfislaust, er honum mundi hafa verið rjett að hafa uppi fyrir hinum óæðra dómi, ef hann hefði átt þess kost, enda er honum rjett að láta taka málið fyrir af nýju í hinum óæðra dómi, ef hann færir sönnur á heimild sína til þess áður 4 vikur sjeu liðnar frá birtingu dóms í málinu.

12. gr.

Nú hefir vitni verið dæmt til þingvitisbóta, og skal dómari vitnamáls þá fella þann úrskurð úr gildi, ef vitni hefir eigi fengið vitneskju um stefnuna, eða eigi svo snemma, að það hafi mátt gegna henni.

13. gr.

Nú sannar maður, að hann hafi eigi mátt sækja dómþing, þar er aðildareiður skyldi unninn eða drengskaparheit, af þeim ástæðum, sem í 11. gr. segir, og er honum þá rjett að skjóta eiðsmálinu til ónýtingar til æðra dóms, enda er honum rjett að láta taka það upp af nýju í hinum óæðra dómi áður 4 vikur sjeu liðnar frá lokum eiðsmáls. Um rjett hans til upphalds málstaðar síns fer eftir 11. gr.

14. gr.

Nú hefir maður eigi átt kost á að gæta rjettar síns í vitnamáli af þeim sökum, er í 11. gr. segir, og er honum þá rjett að láta taka það mál upp aftur, ef hann sannar það fyrir dómara aðalmálsins, áður en það er tekið undir dóm, og skal þá eigi byggja málsúrslit á þeirri vftnaleiðslu, en rjett er vitnastefnanda að taka vitnamálið upp aftur, áður aðalmálið sje tekið undir dóm.

Nú hefir dómur verið bygður á slikri vitnaleiðslu, sem í upphafi 1. málsgr. getur, og er manni þá rjett að afla gagna til að hnekkja vitnaskýrslunum og leggja þau gögn fram leyfislaust í æðra dómi.

Ef vitnaleiðsla hefir farið fram, og eigi skyldi nota hana í ákveðnu dómsmáli, og svo er ástatt sem í 11. gr. segir, og er vitnastefndum þá rjett að taka það vitnamál upp af nýju, enda hafi hann gert það áður 8 vikur sjeu liðnar frá lokum þess.

15. gr.

Um skoðunar- og matsgerðir fer eftir 14. gr.

16. gr.

Kostnaði af endurupptöku máls, samkvæmt 11.—14. gr., svari sá, er eigi sótti þing.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—4—2, 4. og 10. gr. og 1—4—18, að því leyti, sem sú grein kynni að geyma ákvæði um stefnubirtingar, og tilsk. 3. júní 1796, 17.—22. gr., svo og öll önnur ákvæði í lögum, er

koma í bága við lög þessi. Þó skal haldast fyrirmæli laga nr. 35, 2. nóv. 1914, 6. gr., um birtingu stefnu til merkjadóms í Reykjavík.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð tilraun til að safna á einn stað reglum um stefnuvotta og stefnubirtingar. Jafnframt þykir hlýða að gera uppástungur að nokkrum nýjum ákvæðum, sem koma eiga í veg fyrir það, að mál manna verði dæmd án þess að þeim hafi gefist kostur á að gæta rjettar sins, enda þótt stefnandi hafi gert alt það, er lögin geta heimtað af honum í því efni.

Um 1. gr.

Er að aðalefni samhljóða gildandi reglum, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 18., 19. og 22. gr.

Um 2. gr.

Það er vafasamt, hvort undantekningarákvæði tilsk. 3. júní 1796, 17. gr., um munnlegar stefnur, gildir hjer. Ákvæði gr. er til að taka af öll tvímæli í því efni.

Um 3. gr.

Skilyrði til þess að gegna stefnuvottastarfinu eru hjer nánar tiltekin en í tilsk. 3. júní 1796, og sýnast ákvæði gr. hjer um einsæ.

Um 4. gr.

Samræm tilsk. 3. júní 1796, 19. gr., sbr. lög nr. 29, 11. júlí 1911, 1. gr.

Um 5. gr.

Hjer er tilgreint, hvað stefnuvottar skuli votta og hvernig þeir skuli gera það, og er efni greinarinnar að mestu í samræmi við gildandi reglur, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 20. gr. Nánar er tilgreint, hvað þeir sjeu bærir að votta um, svo að fullt trúgildi hafi, nema fullar sönnur sjeu leiddar að hinu gagnstæða. Af ákvæðum 7. gr. leiðir, að stefnuvottar eiga að tilgreina klukkustund.

Um 6. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar eru ný í lögum, sbr. þó tilsk. 3. júní 1796, 18. gr., en sýnast sjálfsögð.

Um 7. gr.

Í stað þess, að nú skal, samkvæmt N. L. 1—4—2, birta stefnu »fyrir sólarlag«, er hjer ákveðið, að þessi athöfn skuli fram fara milli ákveðinna stunda sólarhrings, og er það öruggari regla. Að stefnur skuli birta á virkum dögum er í samræmi við gildandi lög, sbr. lög nr. 47, 20. des. 1901, 6. gr.

Um 8. gr.

1. málsgr. er í samræmi við gildandi reglur, sbr. N. L. 1—4—4.

2. málsgr. er að því leyti frábrugðin gildandi reglum, að ávalt skal birta

stefnur á hjer greindan hátt, þegar ókunnugt er um það, hvar maður er, í stað þess að slíkar stefnur á nú stundum að birta samkvæmt N. L. 1—4—10 og 12. Þessi regla sýnist, eins og nú hagar til, veita betri tryggingu fyrir því, að stefndur geti fengið vitneskju um stefnuna.

3. og 4. málsgr. þarf eigi skýringar.

5. málsgr. er í samræmi við lög nr. 42, 13. nóv. 1903, 34. gr.

6. málsgr. er og nokkurn veginn í samræmi við gildandi dómvenju, sbr. dómas. landsyfird. VI. 419.

Um 9. gr.

1. málsgr. er og að mestu í samræmi við gildandi reglur, sbr. N. L. 1—4—4.

2. málsgr. hefir nýtt ákvæði að geyma til tryggingar því, að stefndur fái vitneskju um stefnuna.

3. málsgr. sýnist eigi þurfa skýringar.

Um 10. gr.

Er að allmiklu leyti frábrugðin gildandi dómvenju. Þegar stefndur sækir þing á rjettum stað og rjettum tíma, þá er það nægur vottur þess, að hann hefir fengið tilkynningu um það, og því er honum kostur að gæta hagsmuna sinna. Niðurlagsákvæðið er sjálfsagt, þar sem gert er ráð fyrir að tvímælis orki, hverjum um átti að stefna.

Um 11. gr.

Er nýmæli. Gert er ráð fyrir því, að stefna sje rjett birt að lögum, en að stefndur hafi þó eigi fengið að vita það, enda sje honum sjálfum eigi um að kenna. Þegar svo stendur á, þá sýnist rjett að heimila stefndum, án þar til fengins leyfisbrjefs, að koma fram í æðra dómi öllum kröfum og vörnum, er hann hefði mátt fram koma, ef hann hefði mátt gæta rjettar síns. Endurupptaka málsins sýnist og rjettmæt innan ákveðinna takmarka.

Um 12. gr.

Er í samræmi við regluna í 11. gr.

Um 13. gr.

Sömuleiðis.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar munu aðallega koma til greina, þegar með vitnamál er farið fyrir öðrum dómara en þeim, er fer með aðalmálið. Annars er 14. gr. í samræmi við meginregluna í 13. gr.

Um 15. gr.

Sama máli að gegna sem um 13. gr.

Um 16. gr.

Par sem fram hefir farið stefnubirting að lögum, sýnist einsætt að leggja ekki kostnaðinn af endurupptöku máls eða útvegum nýrra gagna á þann, er stefndi, heldur hinn.

Um 14. gr.

Parf eigi skýringar.